

Minnisblað

Dagsetning	10. júlí 2019.
Efni	Áhrif loðnubrest á sveitarfélög
Dreifing	Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga
Frá	Róbert Ragnarsson, RR ráðgjöf

Inngangur

Á 52. stjórnarfundum Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, þann 15. maí 2019 voru málefni þeirra sjávarútvegssveitarfélaga sem urðu fyrir mestum áhrifum af loðnubresti til umræðu. Ákveðið var að óska eftir upplýsingum frá viðkomandi sveitarfélögum um áhrif loðnubrests á árinu 2019 á afkomu sveitarfélaganna og rekstur. Stjórn bókaði eftirfarandi og fól starfsmanni samtakanna að afla gagna hjá sveitarfélögunum Fjarðabyggð, Langanesbyggð, Sv. Hornafirði, Vestmannaeyjabæ og Vopnafjarðarhreppi.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga telur mikilvægt að unnin verði samantekt á heildaráhrifum loðnubrests 2019 og að niðurstöður hennar verði kynntar á fundi stjórnar þar sem bæjarstjórum þeirra sveitarfélaga sem um ræðir verði boðið einnig. Í framhaldinu muni stjórnin síðan álykta um með hvaða hætti ríkisvaldið gæti/ætti að bregðast við komi slíkar aðstæður upp hvort heldur er varðandi loðnu eða aðra veiðistofna. Formanni og starfsmanni falið að fylgja málinu eftir.


Verklag og gagnaöflun

Þann 26. júní var óskað eftir aðstoð RR ráðgjafar við að greina áhrif loðnubrests á sveitarfélögin og vinna minnisblað fyrir stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga. Eftirfarandi greining byggir á gögnum sem samtökin öfluðu hjá Fjarðabyggð, Langanesbyggð, Sv. Hornafirði, Vestmannaeyjabæ og Vopnafjarðarhreppi. Auk þess átti ráðgjafi samtöl við formann samtakanna, Gauta Jóhannesson, og leitaði opinberra upplýsinga. Áætlað er að minnisblaðið verði kynnt á fundi stjórnar samtakanna með framkvæmdastjórum sveitarfélaganna sem úttektin nær til, þ.e. Fjarðabyggðar, Langanesbyggð, Sveitarfélagsins Hornarfjarðar, Vestmannaeyjabæjar og Vopnafjarðarhrepps.

Markmið greiningarinnar er að meta bein áhrif loðnubrests á fjárhag og rekstur sveitarfélaganna. Í því felst að fyrst og fremst er litið til tekjutaps vegna lægri launatekna íbúa og vegna minni umsvifa í hafnarstarfsemi. Ekki er lagt mat á aðra þætti.

Greining

Loðna hefur verið næst mikilvægasta útflutningsfisktegundin á Íslandi á eftir þorski. Veiðar á loðnu eru bundnar við tiltekið veiðitímabil og byggir á aflareglu og ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar. Sú regla gerir ráð fyrir að heimilt sé að veiða upp að því marki að skilin séu eftir um 400 þúsund tonn af kynþroska loðnu hverju sinni. Rannsóknir Hafrannsóknarstofnunar fyrir síðustu loðnuvertíð gáfu til kynna að þau viðmið myndu ekki nást ef veiðar yrðu heimilaðar. Hafrannsóknarstofnun lagði því til að ekki yrðu leyfðar loðnuveiðar á vertíðinni 2018/2019. Loðna hefur verið veidd við Ísland samfleytt frá árinu 1963. Þó komið hafi vertíðir með mjög litlum veiðum hefur það aldrei áður farið svo að ekki hafi orðið nein veiði.



Heimild: Hagstofa Íslands

Útflutningsverðmæti loðnu nam 17,8 milljörðum króna á árinu 2019, en var mest um 34 milljarðar króna á árinu 2013. Algjör aflabrestur í loðnu hefur þannig gríðarleg áhrif á sjávarútvegsfyrirtæki í landinu, starfsfólk þeirra fyrirtækja, sjávarútvegssveitarfélög og ríkissjóð. Áætlað er að loðnubrestur á árinu 2019 lækki landsframleiðslu um 0,6%.¹

Ríkisstjórn og Alþingi hafa endurskoðað fjármálaáætlun hins opinbera til að mæta samdrætti í efnahag landsins og til að halda stefnumið stjórnvalda um að rekstur ríkissjóðs sé hallalaus. Sérstaklega var vísað til þess forsendubrests sem fólst í gjaldþroti WOW air og loðnubrests. Sömu forsendur eiga við í

sveitarfélögum landsins, þar sem áhrifin koma mismikið fram. Loðnuvinnsla fer fyrst og fremst fram í fimm sveitarfélögum. Fjarðabyggð, Langanesbyggð, Sv. Hornafirði, Vestmannaeyjabæ og Vopnafjarðarhreppi. Hlutfallslega er áfallið því enn meira þar en í öðrum sveitarfélögum. Bein áhrif loðnubrests á tekjur þeirra sveitarfélaga eru áætlaðar rúmar 500 milljónir króna á árinu 2019, eða bilinu 4,5-6,7% af skatttekjum og tekjum hafnarsjóða. Í sveitarfélögunum búa samtals tæplega 13.000 íbúar. Áætlað tekjutap er því um 40.000 kr. á hvern íbúa. Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir áætlað tekjutap fjögurra af þeim fimm sveitarfélögum sem byggja afkomu sína mest á loðnuveiðum og vinnslu. Gögn vantar frá Sveitarfélaginu Hornafirði, en ætla má að tekjutap þeirra sé ekki undir þrjátíu milljónum króna.

Í þús. Kr.	Vestmannaeyjabær	Langanesbyggð	Fjarðabyggð	Vopnafjarðarhreppur	Sv.Hornafirður	Alls
Tekjutap sveitarsjóðs	100.000	9.940	180.000	10.500	Gögn vantar	300.440
Tekjutap hafnarsjóðs	40.000	18.853	100.000	13.000	Gögn vantar	171.853
Alls	140.000	28.793	280.000	23.500		472.293

Tafla 1. Tekjuskerðing vegna loðnubrests á árinu 2019

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman upplýsingar um tekjur sveitarfélaga af staðgreiðslu útsvars á fyrri hluta 2019 og borið hana saman við sömu mánuði í fyrra. Staðgreiðslan hækkaði á öllu landinu um 6,1%. Staðgreiðslan hækkaði á bilinu rúmlega 4% til tæplega 7% í öllum landshlutum, nema á Austurlandi þar sem hækkunin var um 2,3%. Austurland er stærsta verstöð landsins í uppsjávarveiðum og vinnslu. Í töflu 2 má sjá að loðnubrestur á þessu ári hefur greinileg áhrif á útsvarstekjur sveitarfélaga sem byggja afkomu sína á loðnuvinnslu. Að líkindum er tekjutapið ekki komið fram að fullu. Tekjutap Vopnafjarðarhrepps er áberandi mest.

	Vestmannaeyjabær	Langanesbyggð	Fjarðabyggð	Vopnafjarðarhreppur	Sv.Hornafirður	Öll sveitarfélög
Staðgreiðsla 6 mán 2019	999.777.272	100.884.312	1.210.986.257	124.419.748	494.826.617	82.466.656.321
Staðgreiðsla 6 mán 2018	982.212.604	99.201.280	1.192.350.714	131.802.086	502.284.086	77.722.274.741
Mismunur	17.564.668	1.683.032	18.635.543	- 7.382.338	- 7.457.469	4.744.381.580
Hlutfallsleg breyting	1,8%	1,7%	1,6%	-5,6%	-1,5%	6,1%

¹ Hagsjá – Sjávarútvegur. Hagfræðideild Landsbankans 21. febrúar 2019

Tafla 2. Staðgreiðsla fyrri hluta ársins 2019

Stjórnendur sveitarfélaga sem byggja afkomu sína fyrst og fremst á sjávarútvegi þekkja vel þá óvissu og áhættu sem felst í þeim rekstri. Gengisþróun, úthlutun aflaheimilda, sala aflaheimilda, verð á mörkuðum, ákvarðanir stjórnenda fyrirtækjanna um löndunar-og vinnslustaði, hlutfall afurða sem fer til frystingar eða bræðslu og síðast en ekki síst aflabrestur eru óvissuþættir sem stjórnendur hafa í huga þegar áætlanir eru gerðar. Tekjur sveitarsjóða og hafnarsjóða eru því ávallt áætlaðar með varfærni að leiðarljósi og gert ráð fyrir einhverjum áföllum. Ekkert sveitarfélag gerir hins vegar ráð fyrir algjörum aflabresti í loðnu. Slíkt áfall gerir það að verkum að svigrúm sveitarfélaganna til að takast á við aðra þætti verður lítið sem ekkert.

Niðurstöður og tillögur

Stefna Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga er að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga og íbúa þeirra í öllum málum sem tengjast nýtingu sjávarauðlindarinnar í veiðum og vinnslu.

Samtökin hafa frá stofnun lagt höfuðáherslu á að aðildarsveitarfélög fái eðlilega hlutdeild í veiðigjöldum til að geta unnið að nýsköpun og atvinnuþróun til að draga úr áhættu og auka hæfni sína til að takast á við sveiflur og áföll. Loðnubrestur er eitt mesta áfall sem dunið hefur á sjávarútvegssveitarfélögum undanfarin ár. Áætlað tekjutap sveitarfélaganna fimm vegna aflabrests í loðnu er samtals rúmar 500 mkr. Ljóst er að slíkt tekjutap hefur mikil áhrif á rekstur sveitarfélaganna á árinu 2019 og dregur úr möguleikum þeirra á veita lögbundna þjónustu við íbúa sína. Í sveitarfélögunum búa tæplega 13.000 íbúar og eru áhrifin á hvern íbúa mikil. Áhrifin koma misjafnlega niður og harðast á þeim sveitarfélögum sem búa við einhæft atvinnulíf. Tækifæri þeirra sveitarfélaga til að afla annarra tekna til að vega á móti tapinu eru takmörkuð, og fá tækifæri fyrir íbúa til að finna aðra atvinnu við hæfi.

Eðlilegt er Samtök sjávarútvegssveitarfélaga haldi á lofti kröfu sinni um að sjávarútvegssveitarfélög fái hlutdeild í tekjum af auðlindanýtingu í sjávarútvegi til þess að geta tekist á við þær sveiflur sem eru óumflýjanlegar í rekstri sem byggir á nýtingu auðlindarinnar og til að byggja upp fjölbreyttara atvinnulíf. Það á ekki síst við um sveitarfélög sem byggja á uppsjávarveiðum og vinnslu, þar sem óvissa er enn meiri en við veiðar og vinnslu á bolfiski.